

2. gr.

Með þau mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. febrúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

Ísl. kr. á lb. Cif.

Lausfrystur hörpudiskur	411.73
Blokkfrystur hörpudiskur	383.32

Verðbil verður 10%, miðað við verðlækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978: